

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Garðabæ hjá dagforeldrum. Ekki er greitt fyrir júlí. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni. Skilyrði fyrir greiðslu er:

1. Að hlutaðeigandi barn hafi náð 9 mánaða aldri og eigi lögheimili í Garðabæ.
2. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
3. Að barn sé slysatryggt.
4. Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og dagvistarfulltrúa Garðabæjar.

Ef að foreldrar eiga ekki rétt á fullu fæðingarorlofi geta þeir sótt um greiðslu þegar barn nær 6 mánaða aldri.

A Mánaðarleg greiðsla skal miða við dvalartíma barns að hámarki með eftirfarandi hætti.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:	
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 38.446	kr. 62.120
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 48.038	kr. 75.718
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 57.365	kr. 89.011
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 67.815	kr. 103.448
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 76.897	kr. 116.515

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 4.805 fyrir hverja hálfu stund.

B Niðurgreiðsla til einstæðra foreldra og foreldra sem eru í fullu námi.

Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ:	Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt þjónustusamningi:	
Fyrir 4 stunda vistun	kr. 45.967	kr. 63.264
Fyrir 5 stunda vistun	kr. 57.461	kr. 77.149
Fyrir 6 stunda vistun	kr. 68.807	kr. 90.887
Fyrir 7 stunda vistun	kr. 80.449	kr. 104.921
Fyrir 8 stunda vistun	kr. 91.940	kr. 118.803

Ef um hálftrar stundar vistun er að ræða greiðast kr. 5.745 fyrir hverja hálfu stund.

Leggja skal fram fjölskylduvottorð í tilviki einstæðra foreldra og námsvottorð skóla í tilviki námsmanna.

Greiðslufjárhæð til einstæðra foreldra og námsmanna er háð tímabundnu ákvæði í Gjaldskrá leikskóla um hækkun á afslætti einstæðra foreldra og námsmanna úr 30% í 40% og gildir til ársloka 2019.

Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn í leikskólavist, fá 50% afslátt af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram eitt. Það á þó ekki við um foreldra sem njóta sérstakrar niðurgreiðslu samkvæmt B – lið.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 2019 og falla þá jafnframt úr gildi eldri reglur samþykktar í bæjarstjórn 20. júní 2017.

*Samþykkt í bæjarráði Garðabæjar
18. desember 2018*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*